VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS




# Sjálfsmatsskýrsla

# 2019–2020

# Efnisyfirlit


1. Inngangur ..... 5
2. Innra mat 2019-2020 ..... 6
   2.1 Skólanámskrá og starfsmannahandbók ..... 6
   2.2. Skólapúlsinn ..... 7
      2.2.1 Námsumhverfi ..... 7
      2.2.2 Virkni í námi ..... 8
      2.2.3 Líðan ..... 8
   2.3 Nemendakönnun ..... 9
   2.4 Starfsmannapúlsinn ..... 10
      2.4.1 Starfið ..... 11
      2.4.2 Starfsmenn ..... 11
      2.4.3 Vinnustaðurinn ..... 11
      2.4.4 Stjórnun ..... 11
   2.4 Stefnur og áætlanir endurskoðaðar ..... 13
   2.5 Námsmat haustannar 2019 ..... 13
   2.6 Annað ..... 13
      2.6.1 Vinnudagar ..... 13
      2.6.2 Skólaþing ..... 14
      2.6.3 Endurmenntun ..... 14
      2.6.4 Kannanir vegna skólalokunar í Covid-19 ..... 14
      2.6.5 Jafnlaunavottun ..... 15
   2.7 Umbótaáætlun 2019-2020 ..... 15
      2.7.1 Álag á nemendur ..... 15
      2.7.2 Hópavinna nemenda ..... 16
      2.7.3 Misjafnt aðgengi að rafrænu námsefni ..... 16
3. Skólaárið 2020-2021 ..... 17
4. Heimildaskrá ..... 18
5. Fylgiskjöl ..... 19
   5.1 Fylgiskjal I – Teymi ..... 19
   5.2 Fylgiskjal II Fastar kannanir í innra mati skólans ..... 20
   5.3 Fylgiskjal III Verkefnaáætlun (2020-2021) ..... 21
   5.4 Fylgiskjal IV Gátlisti fyrir mat á skólanámskrá (2019-2020) ..... 22

5.5 Fylgiskjal V – Spurningar í kennslukönnun dagskóla vor 2020 ........ 24
5.6 Fygliskjal VI – Nemendakönnun Niðurstöður vor 2020 ........ 25
5.7 Fylgiskjal VII – Spurningar í Starfsmannapúlsinum vorið 2020 ........ 28
5.8 Fylgiskjal VIII – Niðurstöður Starfsmannapúlsins, viðmið við aðra ........ 30
5.9 Fylgiskjal IX – Langtímaáætlun stefna og áætlana ........ 31
5.10 Fylgiskjal X – Samantekt um námsmat haustannar 2020 ........ 32
5.11 Fylgiskjal XI – Umfjöllun um námsmat ........ 34
5.12 Fylgiskjal XII – Nemendakönnun vegna samkomubanns ........ 35
5.13 Fylgiskjal XIII – Kennarakönnun í samkomubanninu ........ 42
5.12 Fylgiskjal XII – Langtímaáætlun innra mats ........ 48
5.13 Fylgiskjal XIII - Umbótaáætlun 2019-2020 og áfram ........ 49
5.14 Fylgiskjal XIV - Skírteini um jafnlaunavottun ........ 52
5.15 Fylgiskjal XV – Áætlun um innri úttekt jafnlaunavottunar ........ 53

# 1. Inngangur

Hér ber að líta sjálfsmatsskýrslu Verzlunarskóla Íslands fyrir skólaárið 2019-2020. Haustið 2015 hófu fyrstu nemendur skólans nám í nýju þriggja ára kerfi skólans. Vinna starfsmanna við þróun þess hefur verið fyrirferðarmikil undanfarin ár og ber faglegt samstarf starfsmanna og innra mat skólans keim af því. Þá var unnið að stefnumótun skólans veturinn 2016-2017 og úrvinnsla þeirra niðurstaðna hafa líka fengið sitt pláss. Verzlunarskóli Íslands leggur áherslu á að bjóða upp á framúrskarandi náms- og kennsluaðstæður ásamt bestu mögulegu kennslu vel menntaðra kennara. Þess vegna er mikilvægt að vera sífellt að skoða námið og kennsluna, huga að hvað sé hægt að bæta og stefna að því að gera enn betur í dag en í gær. Gæðateymi skólans hefur umsjón með könnunum sem framkvæmdar eru innanhúss og utan, vinnur úr niðurstöðum og kemur með hugmyndir til úrbóta.

Í skýrslunni er samantekt yfir helstu þætti sem unnið var að í skólastarfinu, bæði hvað varðar umbótastarf svo og almenna skólaþróun. Þá er einnig fjallað um framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2020-21 ásamt langtímaáætlun til næstu þriggja ára.

Um Verzlunarskóla Íslands segir í Skólanámskrá skólans (Verzlunarskóli Íslands, 2019) að hann hafi verið stofnaður árið 1905 af Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Kaupmannafélagi Reykjavíkur. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvinna hagnýtar viðskiptagreinar saman við annað bóklegt nám. Skólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945 og geta nemendur valið um fjórar bóknámsbrautir. Haustið 2015 byrjuðu allir nýnemar skólans á þriggja ára námi til stúdentsprófs, en fram að þeim tíma var skólinn fjögurra ára framhaldsskóli. Vorið 2018 útskrifuðust tveir árgangar samtímis, fyrsti árgangurinn í 3. ára námi og sá síðasti í 4. ára námsleiðinni.

Innritaðir nýnemar haustið 2019 voru 325 í 13 bekkjardeildir, einn bekkur á nýsköpunar- og listabraut, einn á alþjóðabraut, sex á viðskiptabraut og sex á náttúrufræðibraut. Fjöldi nemenda um haustið á 2. ári var 320, á 3. ári 269. Samtals voru 914 nemandi í upphafi annar 2019.

Kennarar dagskólans 2019 voru samtals 77 í tæplega 69 stöðugildum. Kynjaskipting var 53 konur á móti 24 körlum. Nær allir fastráðnir kennar voru með réttindi sem framhaldsskólakennarar. Aðrir starfsmenn voru samtals 44. Í yfirstjórn skólans voru fimm, en að auki voru fjórir starfsmenn á skrifstofu, þrír á bókasafni, þrír námsráðgjafar og sjö sem sinna kerfisstjórn, húsvörslu og dagræstingum. Skólinn rekur sjálfur mötuneyti starfsmanna og nemenda og var fjöldi starfsmanna í mötuneyti fimm. Kvöldræstingar sáu 16 starfsmenn um. Alls voru 121 starfsmaður í 95,1 stöðugildum.

Nánar um starfsemi skólans er vísað í ársskýrslu skólans 2019.
https://www.verslo.is/skolinn/skyrslur-og-aaetlanir/rafraen-skjol

Eins og undanfarin ár bauð skólinn upp á fjarnám á þremur önnum, vor, sumar og haust. Fjöldi ársnemenda á sumarönn 2019 var 45 á haustönn 2019 voru þeir 29,7 og 41,7 á vorönn 2020. Mæting nemenda í próf var að meðaltali tæplega 73%. Að öðru leyti er vísað í ársskýrslu fjarnáms 2019-2020. https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/arsskyrslur/

# 2. Innra mat 2019-2020

Í gæðateymi Verzlunarskóla Íslands skólaárið 2019-2020 sátu sjö starfsmenn. Yfirkennari, starfsmanna- og þróunarstjóri, fjarnámsstjóri, skrifstofustjóri og þrír kennarar. Verkefnastjóri gæðamála stýrir vinnu teymisins og er úr röðum kennara. Gæðateymið hélt reglulega fundi eða 12 alls yfir skólaárið. Auk þeirra var unnið á sameiginlegu svæði í Office 365, Teams og í gegnum tölvupósta. Þess má geta að teymið fundaði tvisvar sinnum í TEAMS eftir 15. mars þegar samkomubann var sett á og skólinn lokaði.

Sú nýjung var gerð á skipulagi gæðamála að stofnuð voru þrjú teymi starfsmanna sem hafa ákveðin verkefni á sínum höndum. Eru það kennslu-, viðbragðs- og mannauðsteymi. Á **fylgiskjali I** má sjá hlutverk og skipan hvers og eins teymis auk gæðateymis. Vonir eru bundnar við að þetta skipulag auðveldi allt utanumhald gæðamála skólans. Þá var tekið saman helstu kannanir sem gerðar eru reglulega innanhúss og áherslur síðustu ára. Það skipulag má sjá í **fylgiskjali II**.

Í **fylgiskjali III** er verkáætlun sem gæðateymi skólans vann fyrir skólaárið 2019-2020. Þrjá þætti náðist ekki að gera:

- Árangur í grunnþáttum þar sem fyrirhugað var að framkvæma stutta könnun meðal nemenda og kennara í skólalok. En vegna samkomubannsins varð að fresta því.
- Skilvirkni náms. Fyrirhugað var að meistaranemi af Menntavísindasviði myndi framkvæma könnun meðal útskrifaðra nemenda úr Verzlunarskólanum um námsgengi þeirra. Því miður varð sá nemandi að hætta í skólanum vegna veikinda svo sú könnun bíður.
- Félagslíf nemenda. Skólaráðið var búið að gera spurningar sem leggja átti fyrir nemendur í lok skólaárs. Vegna fyrrgreinds samkomubanns varð ekkert úr þeirri vinnu heldur.

Þessar þrjár kannanir bíða því til hausts en eftirfarandi er umfjöllun um verkefni sem voru á dagskrá gæðateymis og niðurstöður kannana sem framkvæmdar voru á skólaárinu.

## 2.1 Skólanámskrá og starfsmannahandbók

Haustið 2019 var skólanámskráin yfirfarin að venju skv. gátlista fyrir mat á skólanámskrá úr leiðbeiningabæklingi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2016). Undanfarin ár hefur verið farið yfir gátlistann og hefur skólanámskráin uppfyllt öll þau atriði sem gátlistinn tiltekur, sjá má á **fylgiskjali IV.**

Starfsmannahandbók Verzlunarskólans var uppfærð haustið 2019 og var ákveðið að uppfæra hana annað hvert ár og endurskoða í hvers konar formi hún ætti að vera. Eintak bæði af skólanámskrá og starfsmannahandbók eru öllum aðgengileg í setustofu starfsmanna og á innra neti skólans. Hér eru hlekkir í skólanámskrána frá heimasíðu skólans en starfsmannahandbókin er ekki opinber í tölvutæku formi nema starfsmönnum skólans. Hún er staðsett í TEAMS undir Verkfærakistunni sem er sameiginlegt svæði allra starfsmanna skólans.

## 2.2. Skólapúlsinn

Skólinn tók þátt í könnuninni „Framahaldsskólapúlsinn 2019-2020“ og voru spurningar lagðar fyrir 120 nemenda úrtak frá öllum árgöngum í nóvember 2019. Pátttaka nemenda var með ágætum eða 99,2% úrtaksins tóku þátt í könnunina en svöruðu sumir ekki öllum spurningum. Greinilegt var að eldri nemendur luku síður öllum spurningunum heldur en yngri nemendur.

Þetta var í fimmta sinn sem Verzlunarskólinn tók þátt í Skólapúlsinum en samkvæmt áætlun er tekið þátt annað hvert ár svo síðast tók skólinn þátt 2017-2018. Eftir að gæðateymið hafði rýnt í helstu niðurstöður á sínum fundi voru þær kynntar á starfsmannafundi og eintak af skýrslunni sett á kennarastofu og í Verkfærakistuna í TEAMS. Hér á eftir verður vikið að helstu niðurstöðum.

### *2.2.1 Námsumhverfi*

Almennt virðast nemendur hafa jákvætt viðhorf til skólans og sýna skólanum merkjanlega meiri hollustu en gerist í samanburðarskólum. Er frekar að sjá að þessi hollusta við skólann aukist með árunum og lítill munur er á milli kynja. Þó eru tæplega 10% sem virðist ekki líða vel í skólanum eða vera ánægður. Nemendur virðast samsama sig ágætlega við nemendahópinn og umtalsvert betur en samanburðarskólarnir og mest á fyrsta og þriðja ári og strákar meira en stelpur. Samt sem áður segja um 13% nemenda að þeir séu sammála þeirri fullyrðingu að þeim finnist þeir vera útundan í skólanum og 16,2% segjast ekki eiga marga góða vini og eru það umtalsvert fleiri en í síðustu könnun (8%). Fleiri spurningar í könnuninni varðandi þennan matsþátt sýna að ætla má að um 150 nemendur skólans upplifi sig einmana með einhverjum hætti. Það er umhugsunarefni og vert að leita leiða til þess að finna þessa nemendur og hjálpa þeim. Eftir síðustu könnun fór í gang starf hjá námsráðgjöfum sem laut að því að finna þessa nemendur og vinna með þeim. Þóttist það starf takast afar vel en því miður varð ekki framhald á þeirri vinnu. Er sagt frá því starfi í sjálfsmatsskýrslu 2017-2018.

Það er einnig eftirtektarvert að nemendur upplifa minni stuðning frá kennurum en í samanburðarskólum. Munurinn er reyndar ekki marktækur en undanfarnar kannanir sýna sömu niðurstöður. Er einnig áhugavert að sjá að nemendur upplifa minni stuðning á öðru ári en því fyrsta og lang minnstan á þriðja ári. Af þeim spurningum sem mynda þennan matsþátt, þá verður helst skilið að nemendur vilji gjarnan meiri aðstoð frá kennurum í tímum.

Nemendur telja einnig að þeir fá ekki næga endurgjöf frá kennurum miðað við samanburðarskólana. 52,4% telja til að mynda kennara aldrei eða næstum aldrei ræða við þá um styrkleika sína og veikleika í náminu. Í síðustu könnun voru það 60% svo vonandi er þessi prósenta á niðurleið. Kennurum hefur verið bent á þessa staðreynd og markvisst hefur verið lagt upp með að sinna þessum þætti enn betur.

### *2.2.2 Virkni í námi*

Námsáhugi Verzlunarskólanema hefur aðeins dalað síðan í síðustu könnun eða um -0,2 stig sem reyndar þykir ekki marktækur munur. Er það fyrst og fremst námsáhugi þriðju bekkinga sem er ekki nógu mikill og minni en í samanburðarhópunum. Námsáhugi fyrstu og annars bekkinga er hins vegar meiri en í samanburðarskólunum. Drengir hafa 0,6 stigum minni áhuga en stelpurnar sem þykir frekar lítill munur. 23,8% segir lítinn eða engan áhuga hafa á því sem þeir eru að læra en var 29% fyrir tveimur árum. Rúmlega 50% nemenda hlakkar ekki til kennslustundanna og 41% hefur ekki gaman að fögunum í skólanum.

Vinnulag í námi hefur hækkað um 0,1 stig (staðalfrávik) frá síðustu könnun og er aðeins hærri en í viðmiðunarskólunum eða 0,4 stigum hærra. Vinnulag er best hjá fyrstu bekkingum (5,9) og minnst hjá þriðju bekkingum (4,9). Munar þar einu stigi sem þykir töluverður munur. Væri það áhugavert viðfangsefni að sjá hvað það er sem breytist á tveimur árum hjá nemendum. Er þessi munur ekki svo mikill hjá samanburðarskólunum. Nemendur Verzlunarskólans virðast læra betur fyrir próf en taka aðeins minna eftir í tímum en samanburðarhóparnir.

Fjarveru og/eða seinkomum nemenda skólans hefur fækkað aðeins frá árinu 2017 eða úr 60,9% i 55,2% og er það vel. Það er meiri fækkun en hjá viðmiðunarskólunum. Fjarvistum eða seinkomum fjölgar eftir því sem nemendurnir eru eldri og er töluvert fleiri drengir en stelpur sem hafa tamið sér þennan leiða sið. Helstu ástæður sem gefnar voru upp fyrir slakri mætingu voru að 12,4% fannst kennslustundirnar ekki gagnlegar, 6,7% hafði lítinn áhuga á náminu og 18,1 kenndu svefnvandamálum um og 7,6% kvíða.

Verzlunarskólanemendur telja sig hafa 49,2 klukkustunda vinnuviku þar sem samanburðarskólarnir hafa 45 klukkustundir. Virðist vera mest að gera hjá þriðju bekkingum í skólatengdum verkefnum. Þeir vinna hins vegar frekar minna með skóla (5,8 klst) en flestir samanburðarhóparnir (7,3).

### *2.2.3 Líðan*

Af könnuninni má ráða að nemendum skólans líður almennt vel (5,6 stig) og samanburðarhópar 4,7 stig. Þeir eru hamingjusamari en nemendur samanburðarskólanna og glíma við minni andlega vanlíðan. Þeir hafa ágætt sjálfsálit og rúmlega 80% telja sig hafa stjórn á eigin lífi. Fjöldi nemenda sem haldnir eru þunglyndi hefur minnkað úr 5,3% í 2,9% og er það vel. Eru það einna helst yngstu nemendurnir sem telja sig vera haldnir þunglyndi og er jafnt á milli kynja. Þó eru það 20% sem finna fyrir depurð öðru hverju og 6% finnst lífið stundum vera tilgangslaust.

Nemendur sem haldnir eru kvíða hefur líka fækkað úr 15,1% í 13,3% og eru það fyrstu tvö árin sem eiga þar erfiðast og fleiri stelpur en strákar. Varðandi einelti virðist vera minna um einelti í Versló (6,7%) en öðrum skólum (10,8%) og er þetta eins og í síðustu könnun varðandi Versló. Svipað er um áreitni, hún virðist vera minni í Versló en í samanburðarskólunum en er þó of mikið eða 17,3%. Jákvætt er að hún hefur minnkað úr 22,4% en hér er áfram verk að vinna.

Fjórar opnar spurningar voru og hér verður bara nefnt nokkuð af því sem kom fram, aðallega þeir þættir sem komu nokkrum sinnum upp.

| **Líðan** | **Kennsla** | **Gott** | **Miður gott** |
|---|---|---|---|
| eignast vini, blanda árganginum meira, meiri svefn, pressa á að vera flottur, fleiri strákar í bekkina, subbuleg kennslu-stofa, meiri aðstoð og utanumhald, mikið heimanám, minnka klíkuskap í skólanum, bæta sjálfstraustið. | stundum þarf að bíða lengi eftir aðstoð í tímum, áhugaverðara námsefni og verkefni, hafa oftar nemenda-viðtöl þar sem nemendur geta rætt við kennarana sína, glósa með nemendum, dreifa álagi, minni töflukennsla og fleiri verkefni, minnka heimanám. | lang flestir kennarar eru góðir í starfi sínu, aðstaðan, stofurnar, námið, matbúð, stuðningur frá námsráðgjöfum og sumum kennurum, félagslífið, gott nám fyrir framtíðina, bekkjarkerfið, félagarnir. | mis skemmtileg fög, of mikið heimanám, vinavæðing í nefndum NFVÍ, stundum leiðinlegar kennsluaðferðir, langir dagar, maturinn dýr, dýr skólagjöld, klíkuskapur, vinnuálag, erfiðir bókalausir áfangar, misgóðar stofur, pressa að líta vel út, fleiri valfög, meta íþróttir þegar fólk æfir íþrótt oft í viku. |

## 2.3 Nemendakönnun

Hin árlega nemendakönnun meðal dagskólanemenda fór fram um miðjan mars 2020. Svo óheppilega vildi til að föstudaginn 13. mars var skólanum lokað vegna COVID-19 en könnunina átti að leggja fyrir nemendur mánudaginn 16. mars á skólatíma. Þátttakan var með verra móti og ætla má að ástæða þess sé þetta „fordæmalausa“ ástand sem skapaðist í heiminum. 54,66% nemenda svaraði könnuninni. Skást var þátttaka fyrstu bekkinga eða 65,60%, 52,90% hjá öðrum bekkingum og lökust á þriðja ári, 49,81%.

Spurningarnar voru að mestu leyti þær sömu og lagðar hafa verið fyrir síðan 2016. Árlega eru þó einhverjar nýjar spurningar sem gæðateymið leggur fyrir í tengslum við áherslur í skólastarfi og úr niðurstöðum ýmissa kannana sem gerðar eru. Eins og gefur til kynna þá svöruðu nemendur spurningum sínum að heiman í námsumhverfi skólans, INNU. Spurningar til nemenda um áfangana eru í **fylgiskjali V** hér aftast.

Árið 2019 var gerður samanburður þriggja síðustu kannana og er sá samanburð að finna í sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir skólaárið 2018-2019. Það var einnig gert núna og rætt á fundi gæðateymis. Mjög litlar breytingar voru frá síðasta ári og ef einhverjar, þá var það í jákvæða átt fyrir skólann. Ekki þykir því ástæða til að tvítaka þennan samanburð en í **fylgiskjali VI** má sjá niðurstöður fyrir skólann í heild.

Ekki er fjallað sérstaklega um niðurstöður einstaka áfanga eða deilda hér í skýrslunni. Fagstjórar fengu samantekt yfir þá áfanga sem kenndir eru í þeirra deild og deildum falin ábyrgð að taka á þeim þáttum sem talið er að þarfnist úrbóta. Þá fá allir kennarar afhentar niðurstöður sinna áfanga í starfsmannaviðtölum og þær ræddar þar ásamt fleiri þáttum eins og líðan þeirra á vinnustaðnum. Starfsmannaviðtölin fór fram þrátt fyrir samkomubann og fengu kennarar að velja hvort þau fóru fram í gegnum TEAMS eða í skólanum.

Gæðateymi skólans er sammála um að ásættanlegt viðmið í könnunni sé ≤ 80% við öllum spurningum. Í ár reyndist það viðmið nást að mestu leyti. Þau viðmið sem ekki ná 80% eru rétt undir nema spurning 1 um hversu mikið nemandi þarf að leggja á sig í áfanganum. Því þótti ekki ástæða til að hafa eitthvert atriði inni í umbótaáætlun sem tengdist nemendakönnuninni.

Ánægjulegt er að sjá að almennt virðast nemendur vera ánægðir með kennslu áfanganna, námsgögn og þá sérstaklega virðast þeir upplifa afar góð samskipti við kennarana. Það vekur hins vegar upp spurningu úr niðurstöðum Skólapúlsins varðandi endurgjöf frá kennurum.

## 2.4 Starfsmannapúlsinn

Í marsmánuði fór fram könnun meðal starfsmanna skólans. Hófst hún þann 11. mars og lauk 8. apríl. Það sama gerðist með þessa könnun og nemendakönnunina, hún fór af stað rétt fyrir lokun skólans. FJöldi þátttakenda var 107 og fjöldi svarenda 93 eða 87%. Var það fyrirtækið Vísar sem framkvæmdu könnunina, þeir sömu og sjá um Skólapúlsinn. Nefnist þessi könnun Starfsmannapúlsinn og var hún ætluð framhaldsskólum landsins. Því miður voru færri en fimm framhaldsskólar á landinu sem skráðu sig til þátttöku svo því var ekki hægt að fá samanburð við aðra framhaldsskóla. Til viðmiðunar eru því ýmis íslensk fyrirtæki og fyrirtæki á Norðurlöndunum.

Könnunin mælir stöðu vinnustaða í 16 matsþáttum og fer fram á netinu. Vísar sendu starfsmönnum hlekk í könnunina í gegnum netfang þeirra í skólanum. Niðurstöður einstakra matsþátta eru settar fram á kvarða sem kallast staðalníur, þar sem meðaltalið er 5 og staðalfrávik 2. Munur upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur en munur upp á 1,0 stig er töluverður munur og munurinn er meiri eftir því sem talan er hærri.

Könnunin gerir ráð fyrir að fyrirtækjum sé skipt upp í deildir og var ákveðið að skipta skólanum upp í fimm mismunandi deildir: tungumál, raungreinar og stærðfræði, viðskipta- og félagsgreinar, stoðdeildir og húsnæði. Ekki verður hér fjallað um einstaka deildir heldur eingöngu um skólann í heild.

Í **fylgiskjali VII** má sjá þær spurningar sem lagðar voru fyrir og í **fylgiskjali VIII** eru heildarniðurstöður einstaka þátta varðandi: *Starfið, Starfsmenn, Vinnustaðinn og Stjórnun*. Eðlilega er munur í svörun á milli deilda og þar sem niðurstöður eru neikvæðar munu stjórnendur ásamt gæðateymi rýna í möguleika á úrbótum.

Það er mat gæðateymis að skólinn geti að mestu leyti verið ánægður með niðurstöður. Þátttakan var viðunandi þótt það hefði þurft að ítreka beiðni um þátttöku nokkrum sinnum.

### *2.4.1 Starfið*

Vinnuálag reynist ekki íþyngja starfsmönnum mikið og vita starfsmenn ágætlega til hvers er ætlast af þeim. Hins vegar er nokkur ágreiningur um hlutverk og er það töluvert yfir meðaltali en sá munur kom aðallega fram í einni deild af fimm. Jákvæðar áskoranir í starfi eru þó nokkrar í öllum deildum nema einni.

### *2.4.2 Starfsmenn*

Starfsmenn skólans hafa trú á eigin getu og er marktækur jákvæður munur miðað við aðra vinnustaði. Þessi þáttur kom vel út í öllum deildum skólans. Skuldbinding til vinnustaðarins er töluvert og einnig yfir meðaltali, svolítið mismunandi eftir deildum. Skörun vinnu og einkalífs sýnir hins vegar neikvæðan mun og reyndist sú niðurstaða vera töluverð í tveimur deildum.

### *2.4.3 Vinnustaðurinn*

Starfsandinn mælist mjög góður og er marktækur jákvæður munur þar. Þá er stuðningur frá samstarfsfólki einnig ágætur og stuðningur við nýsköpun er örlítið betri en hjá viðmiðunarhópum. Mismunun eftir kynjum, aldri eða öðru er einnig örlítið minni hjá skólanum en viðmiðunarhópum. Stóra áhyggjuefnið er að einelti virðist vera til staðar meðal starfsmanna og er þar verk að vinna.

### 2.4.4 Stjórnun

Stuðningur frá næsta yfirmanni reyndist dálítið snúið vegna þess hversu uppbygging skólasamfélaga er flöt og í raun fáir starfsmenn aðrir en skólastjórar og aðstoðarskólastjórar sem hafa haft mannaforráð í gegnum skólasöguna. Þess vegna teljum við að margt starfsfólk hafi átt í erfiðleikum með að svara sumum spurningum innan þessa þáttar, sérstaklega þeim sem lúta að faglegu starfi. Þar eru það í fæstum tilfellum skólastjórnendur sem gefa ráð eða aðstoða heldur eru það samstarfsfólkið, stundum fagstjórar í tilfellum um nám og kennslu.

Samt sem áður telja starfsmenn þeir fái ágætan stuðning frá næsta yfirmanni. Þeir telja forystu skólans vera nokkuð sanngjarna og er það á pari við viðmiðunarhópana. Valdeflandi forysta reynist ekki mikil í skólanum og kemur þá aftur að uppbyggingu skólasamfélagsins þar sem ekki er mikið um millistjórnendur og margir búast kannski ekki við möguleikum á stöðuhækkun. Ræktun mannauðs kemur vel út að okkar mati en er á pari við viðmiðunarfyrirtæki.

Nokkrar aukaspurningar voru í könnuninni sem vörðuðu stjórnendur skólans. Spurt var um samskipti og traust til helstu stjórnenda skólans. Niðurstöður þeirra voru afar góðar og mældust frá 83% til 100%. Þá var spurt um skoðun á upplýsingaveitu frá stjórnendum og voru það afar fáir sem virtust óánægðir með upplýsingaflæði sem er framför frá eldri starfsmannakönnunum.

Tvær opnar spurningar voru: Annars vegnar um hvað starfsmönnum finnst gott við vinnustaðinn og hins vegar hvað betur mætti fara. Hér er stutt samantekt um það sem helst var nefnt þar.

| **Lýstu því hvað þér finnst gott við vinnustaðinn þinn.** | **Lýstu því sem þér finnst betur megi fara á vinnustaðnum þínum.** |
|---|---|
| Góður starfsandi<br>Góð vinnuaðstaða<br>Sveigjanleiki og fjölbreytni í starfi<br>Samstaða meðal starfsfólks<br>Opinn fyrir hugmyndum<br>Hef gaman af því sem ég fæst við<br>Góður aðbúnaður<br>Lifandi staður<br>Frelsi til athafna<br>Væntumþykja fólks<br>Stjórnendur vinna oftast á diplómatískan hátt<br>Auðvelt að óska eftir hlutum sem nýtast í starfi<br>Fagleg vinnubrögð<br>Metnaður í starfi<br>Vilji til þróunar í starfi<br>Samheldni og gagnkvæm virðing<br>Fjölbreytileiki starfsmanna<br>Góðir nemendur sem gaman er að vinna með<br>Fólki er treyst fyrir starfi sínu<br>Tækifæri til að fá frí á skólatíma ef þeir skipuleggja starfið<br>Góðir yfirmenn<br>Allir reyna að gera sitt besta<br>Stjórnendur hvetjandi<br>Tækifæri til alþjóðasamstarfa<br>Góður matur | Slæmt upplýsingaflæði<br>Starfsmannafundir mættu vera styttri og hnitmiðaðri<br>Álagið er oft mikið<br>Ekkert nema launin<br>Umgengni nemenda mætti vera betri<br>Virða betur tíma annarra<br>Leggja áherslu á þverfaglegt starf<br>Nemendur fá að ráða of miklu<br>Of mikil áhersla á að komast yfir efni faga<br>Of lítil afskipti ráðuneytis um hvað kennt sé og hvernig<br>Mætti gera sérgreinastofur<br>Vantar jafnræði í ákvarðanatöku<br>Skipuleggja fyrr fundi og láta vita fyrr þegar kennsla fellur niður<br>Lítið eftirlit við innganga skólans<br>Ósnyrtilegt í skólastofum í lok dags<br>Bæta virkni nemenda eftir fyrsta árið<br>Agaleysi í sumum bekkjum, slæmur bekkjarandi<br>Bæta kynningarstarf, t.d. heimasíðuna<br>Fámenn vinnuherbergi, betra að vera í stærri<br>Mætti gera heilsukönnun aftur<br>Möguleiki á viðtali við sálfræðingi t.d. í sambandi við ýmis nemendamál<br>Vantar meira vægi á námið<br>Agaleysi meðal starfsmanna, t.d. að mæta ekki á starfsmannafundi<br>Minnka hávaða af Marmaranum sem truflar<br>Að hafa meira sýnilega stjórnendur |

Það er ljóst af niðurstöðum að skólinn þarf að grípa til úrræða varðandi einelti sem starfsmenn telja sig upplifa. Ákveðið hefur verið að ráða sálfræðing í hálft starf frá og með næsta hausti og mun starfsfólk skólans hafa aðgang að honum auk nemenda. Starfsmenn Vísar munu í september kynna niðurstöður könnunarinnar fyrir starfsmönnum skólans.

## 2.4 Stefnur og áætlanir endurskoðaðar

Unnið var með ýmsar stefnur og áætlanir og þær endurskoðaðar eða unnar frá grunni. Verkefnastjóri gæðamála setti fram langtíma áætlun um endurskoðun stefna og áætlana og skipti niður á teymin þrjú. Mannauðsteymi, kennsluteymi og viðbragðteymi. Þessa langtímaáætlun má sjá í **fylgiskjali IX**. Því miður náðum við ekki að ljúka þeim öllum og verður haldið áfram næsta haust. Nýjar og endurskoðaðar stefnur munu birtast í námskrá skólans næstkomandi haust. Sameiginlega stefnu framhaldsskóla í öryggismálum er verið að vinna í samvinnu við menntamálayfirvöld og Vinnueftirlitið og mun hún bráðlega líta dagsins ljós. Gæðateymið tók saman lista yfir hvað sé gert til að yfirfara öryggi og hreinlæti skólans og hvenær. Öryggi, heilsa og vinnuumhverfi eru alltaf í forgrunni hjá Verzlunarskóla Íslands og til að tryggja að allt sé eins og vera ber koma reglulega eftirlitsaðilar og fara yfir helstu atriði öryggismála skólans. Þeir aðilar sem koma að eftirlitinu er eins og hér er getið að neðan svo og hvað felst í eftirlitinu.

| **Eftirlitsaðilar:** | **Umsýsla:** |
|---|---|
| Vinnueftirlitið | Vinnuaðstæður starfsmanna og nemenda hvað varðar aðbúnað, hreinlæti o.fl. |
| Eldvarnareftirlitið | Fara yfir eldvarnir og halda brunaæfingar |
| Securitas | Yfirfara slökkvitæki og brunakerfi |
| Héðinn/Schindler | Yfirfara lyftur |
| Sprinkler pípulagnir | Fara yfir eldvarnarkerfi og vatnsúðara |
| Blikksmiðjan | Yfirfara loftræstikerfi |

Þá voru ýmsar verklagsreglur gerðar. Má þar nefna verklagsreglur um hvað æskilegt sé í hverjum áfanga í INNU og hvernig hátta beri prófum á meðan á skólalokuninni stóð.

## 2.5 Námsmat haustannar 2019

Yfirkennari, Þorkell Diego, tók saman yfirlit yfir námsmat haustannar 2019 og kynnti á starfsmannafundi 8. janúar. Í **fylgiskjali X** má lesa úr niðurstöðunum. Ekki verður fjallað frekar um þær hér.

## 2.6 Annað

### *2.6.1 Vinnudagar*

Tveir vinnudagar voru haldnir á önninni þar sem unnið var með þætti skólastarfsins sem voru á verkefnalista gæðateymis. Fyrri vinnudagurinn var haldinn í september þar sem tveir kennarar frá Menntavísindasviði fjölluðu um aðferðir til að vinna með nemendum í hópum og um fjölbreytt námsmat. Guðrún Ragnarsdóttir lektor fjallaði um „Árangursríkar og lýðræðislegar samvinnuaðverðir" og Súsanna Margrét Gestsdóttir aðjúnkt fjallaði um „Námsmat og endurgjöf". Góður rómur var gerður að þessum vinnudegi og kennarar ánægðir með dagskrána.

Síðari vinnudagurinn var haldinn í janúar þar sem aðaláhersla var á fjarnám. Skipulag þessa dags var aðallega í höndum fjarnámsstjóra, Sigurlaugar Kristmannsdóttur og starfsmanna- og þróunarstóra, Guðrúnar Ingu Sívertsen. Í þessu verkefni var mannauður skólans nýttur. Sigurlaug byrjaði á að fjalla almennt um stöðu fjarnáms og sýndu síðan nokkrir kennarar sem sinna fjarnámi inn í áfanga sína og kynntu hvernig þeir voru skipulagðir. Þá var einnig kennsla í nokkrum stofum á ýmsan hugbúnað sem hægt er að nota bæði í dag- og fjarkennslu. Kennarar gátu valið um hvaða kynningu þeir sóttu.

### *2.6.2 Skólaþing*

Skólaráð stóð fyrir skólaþingi í skólanum 25. febrúar þar sem unnið var að samskiptasáttmála skólans. Tilgangur samskiptasáttmála Verzló er annars vegar að gera góðan skóla betri og hins vegar að skapa umhverfi þar sem nemendum og starfsfólki líður vel saman. Samskiptasáttmáli Verzló nær til allra nemenda og starfsmanna skólans og er unninn upp úr raunverulegum upplifunum nemenda og starfsmanna skólans. Safnað var saman upplifunum úr skólastarfinu, bæði jákvæðum og neikvæðum. Allir bekkir fengu tíma hjá umsjónarkennara til að skrifa niður upplifanir sínar. Alls var skilað inn 737 blöðum og á hverju blaði var a.m.k. ein jákvæð upplifun og ein neikvæð upplifun. Upplifanirnar voru flokkaðar í þemu sem unnið var með á skólaþinginu. Þátttakendur á skólaþinginu voru valdir með slembiúrtaki nemenda, tveir úr hverjum bekk, auk 30 starfsmanna sem einnig voru valdir með slembiúrtaki. Alls voru þátttakendur á þinginu 103.  Raðað var á 6-8 manna borð og fékk hvert borð ákveðið þema til að vinna með út frá þeim upplifunum sem flokkuðust undir þemað. Unnið var með fjögur þema, viðmót, tengsl, umgengni og heilbrigði. Hvert borð fékk það hlutverk að setja niður leikreglur eða setningar sem byrjuð á “ við ætlum alltaf að …..” og “við ætlum aldrei að ……”. Þessar setningar verða svo notaðar til að móta samskiptasáttmála skólans.

### *2.6.3 Endurmenntun*

Eins og undanfarin ár var reglulega skipulögð fræðsla og annað uppbyggjandi fyrir starfsfólk skólans. Áður hefur verið fjallað um vinnudagana þar sem áhersla var á námsmat, hópavinnu og kennslu í fjarnámi. Þá var Vanda Sigurðardóttir með kennslu í hópefli til að efla góðan bekkjaranda. Kristín Norland, kennari við skólann, bauð upp á vikulega tíma í núvitund sem var vel sótt. Þá var vikuleg kennsla í dönsku fyrir starfsmenn í janúar og febrúar sem Ingibjörg S. Helgadóttir, dönskukennari og Bertha Sigurðardóttir fv. dönskukennari héldu. Var það námskeið líka vel sótt.

Kennsla um prófagerð og fleira í INNU var haldið í október og í skólalokuninni eftir 13. mars voru nokkrir kennarar liðlegir að búa til myndbönd um notkun TEAMS og INNU. En í skólalokuninni urðu kennarar og fleiri starfsmenn skólans að tileinka sér nýja siði í kennslu og samskiptum með aðstoð hvers annars. Að auki hefur starfsfólki staðið til boða í fjölda ára tveir leikfimistímar í viku og jógatímar einu sinni í viku sem venjulega er vel sóttir.

### *2.6.4 Kannanir vegna skólalokunar í Covid-19*

Eins og fram hefur komið var skólanum gert að loka vegna Covid-19 faraldursins og stóð sú lokun fram yfir útskrift í lok maí. Kennarar kenndu í gegnum TEAMS og annan fjarfundabúnað og þurftu að breyta námsmati í mörgum tilfellum.

Þetta var heilmikil áskorun, bæði fyrir nemendur og kennara og þótti því áhugavert að kanna hvað fólki þótti um þessar breytinar. Í **fylgiskjali XII** má sjá spurningar og svör sem lagðar voru fyrir nemendur og í **fylgiskjali XIII** það sama hjá kennurum. 472 nemendur svöruðu könnuninni sem er rúmlega 50% allra nemenda og var fyrsta árið fjölmennast. 58 kennarar svöruðu könnuninni sem er 75%.

Helstu niðurstöður í nemendakönnuninni eru að nemendur voru ánægðir með hvernig þeim gekk að sinna náminu en fannst mikið álag. Þó var 58 nemendur sem fannst þeim ekki ganga nógu vel að aðlagast breyttu námsumhverfi sem er 12% svarenda. 93% svarenda fannst þeir fá góða aðstoð frá kennurum og 60% fannst þeir hafa gott aðgengi að kennurum og öðru starfsfólki skólans. Áhugavert var að sjá að 72% fannst þeir fá mestan stuðning frá samnemendum og 58% frá kennurum. All margir eða 46% fannst sér ekki líða vel þegar skólinn lokaði og 34% mat andlega líðan sína ekki nógu góða.

Að sama skapi fannst kennurum þeim takast vel að aðlagast nýjum kennsluháttum en fannst einnig meira álag en í hefðbundinni kennslu. Kennarar fengu góða aðstoð þegar þeir þurftu á að halda og höfðu einnig gott aðgengi að stjórnendum. Upplifun kennara var að nemendur sinntu náminu svipað og venjulega og jafnvel betur. Báðar þessar kannanir voru kynntar á rafrænum starfsmannafundi 20. maí og hafa kennarar aðgang að tengli í kannanirnar sem sýnir niðurstöður þeirra.

### *2.6.5 Jafnlaunavottun*

Verzlunarskólinn hefur sett sér stefnu í jafnréttismálum í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í því sambandi hefur skólinn innleitt jafnlaunakerfi sem nær til allra starfsmanna og er huti af launastefnu skólans. Í vetur var unnið að því að fá jafnlaunavottun og var það Guðrún Inga Sívertsen, starfsmanna- og þróunarstjóri sem hafði þá vinnu í sínum höndum ásamt Magneu Rögnu Ögmundsdóttur, skrifstofustjóra. Í júní 2020 var allt eins og vera ber og Verzlunarskólinn fékk vottun á að jafnlaunakerfi skólans uppfyllti kröfur staðalsins ÍST 85:2012, í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 1030/2017, um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli s taðalsins ÍST 85, sbr. ákvæði laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Á heima síðu skólans er að finna jafnlaunastefnu skólans og í **fylgiskjali XIV** er ljósrit af viðurkenningaskírteininu. Innri vottunaraðilar jafnlaunastefnunnar eru Ingibjörg S. Helgadóttir gæðastjóri og Anna Sigríður Aðalbjörnsdóttir, gjaldkeri og skjalastjóri.

## 2.7 Umbótaáætlun 2019-2020

Á umbótaáætlun þessa skólaárs voru þrjú atriði:

### *2.7.1 Álag á nemendur*

Undanfarin ár hafa nemendur og foreldrar bent á að álag í skólanum sé of mikið. Af þeim ástæðum þótti nauðsynlegt að skoða vinnuálag nemenda.

Deildastjórar hófu vinnu við að skoða álag nemenda haustið 2019 í samvinnu við fagstjóra. Kortlagðar voru námsáætlanir allra áfanga með tilliti til álags haustannar 2019. Í framhaldinu var skráning verkefnaálags í Innu, upplýsingakerfi skólans, borin saman við námsáætlanir. Miklar umræður sköpuðust á meðal kennara um réttar skráningar í Innu.

Á vorönn 2020 var ofangreindri vinnu fylgt eftir og tekin voru rýniviðtöl við 6 – 7 nemendur úr hverjum árgangi af öllum brautum. Í framhaldi af því var spurningum tengdum álagi nemenda gefið aukið vægi í árlegri nemendakönnun til að fá frekari upplýsingar um álag.

Helstu niðurstöður.

- Misræmi var í skráningu verkefna og prófa á námsáætlunum og skráningu verkefna og prófa í Innu. Töluverður fjöldi verkefna og prófa var ekki skráður í Innu, ekki tengdur við einkunnareglu eða skráður á öðrum tíma en skráð var á námsáætlun. Þessar niðurstöður voru kynntar á starfsmannafundi í upphafi vorannar 2020. Í kjölfarið fylgdust deildastjórar með skráningu í Innu og áberandi breytingar urðu til batnaðar.
- Samkvæmt rýniviðtölum fannst nemendum fjöldi námsmatsþátta á haustönn of margir en samkvæmt nemendakönnun á vorönn er niðurstaðan sú að prófa- og verkefnaálag á nemendur er nokkuð hæfilegt en þriðjungi nemenda fannst þó álag á önninni meira en hæfilegt.
- Skráning álags í Innu haustið 2019 sýnir að til urðu tveir álagaspunktar þar sem mikið var um próf og verkefni. Nemendur á 2. og 3. ári töldu mesta álagið vera á 2. ári. Mikilvægt er að allir kennarar skrái alla námsmatsþætti og tengi við einkunnareglu í Innu þegar það á við. Þannig hafa kennarar og nemendur yfirsýn yfir verkefnaálag og kennarar geta dreift álagi betur yfir önnina.
- Deildastjórar og fagstjórar sammæltust um að fjöldi námsmatsþátta er of mikill á 1. ári og að nauðsynlegt er að fækka námsmatsþáttum. Í rýniviðtölum við nemendur kom fram að þeim þætti betra að hafa færri námsmatsþætti sem vega meira heldur en fleiri sem vega minna. Nemendur sögðust leggja meiri metnað í stærri námsmatsþætti.
- Ekki reyndust vera fleiri námsmatsþættir í símatsáfanga heldur en lokaprófsáfanga.

Í framhaldi af ofangreindum niðurstöðum munu deildastjórar í samvinnu við fagstjóra fylgja eftir skráningu námsmatsþátta í Innu til að sjá dreifingu álags og hvort námsmatsþáttum fækki á 1. ári.

### *2.7.2 Hópavinna nemenda*

Hópavinna nemenda þótti ekki nógu markviss og því þótti ástæða til að hafa námskeið í hópavinnu sem var gert og fjallað hefur verið um. Í kennslukönnun næsta árs verður spurt um þetta atriði og vonandi mun 80% nemenda finnast þeir kunni að vinna í hópum.

### *2.7.3 Misjafnt aðgengi að rafrænu námsefni*

Nemendur hafa oft kvartað yfir því að sumir bekkir hafi meira og betra aðgengi að námsefni í INNU eða Moodle. Í vetur var unnið að leiðbeinandi gátlisti fyrir alla kennara til að styðjast við. Vonir eru bundnar við að gátlistinn hjálpi til við að ná settu markmiði.

# 3. Skólaárið 2020-2021

Búið er að skipuleggja þá þætti sem áætlað er að vinna með á skólaárinu 2020-2021. Í **fylgiskjali VII** má sjá hvernig sú áætlun lítur út. Fyrirhugað er að gæðateymið hittist mánaðarlega og ræði ákveðna verkþætti. Meðlimir teymisins skipta með sér verkum með aðstoð treymanna þriggja. Eins og alltaf er lögð áhersla á framúrskarandi kennsluhætti ásamt því að setja starfsánægju bæði nemenda og kennara svo og stjórnun í brennidepil. Haustið 2020 fór svipað af stað og vorinu lauk eða með samkomutakmörkun vegna COVID-19. Stundatöflur voru skertar og eingöngu hluti nemenda í skólanum á hverjum tíma og hluti kennara. Ekki er ljóst á þessum tímapunkti hvernig starfið verður og mjög líklegt að gæðastarfið muni litast eitthvað af þessu ástandi og einhverjar nýjar áherslur líta dagsins ljós eftir því sem tíminn líður.

Það sem búið er að áætla er að hin árlega nemendakönnun verði framkvæmd í nóvember 2020. Að mestu leyti verður stuðst við þær spurningar sem notaðar hafa verið síðustu kennsluár svo og nokkrar viðbótar spurningar sem lúta að umbótaáætlun. Þá er líklegt að einhverjar spurningar verði varðandi skólahaldið vegna COVID-19. Þá er fyrirhugað að endurtaka starfsmannaviðtöl í kjölfar könnunarinnar. Sú aðferð sem stuðst hefur verið við undanfarin ár hefur reynst vel og starfsmenn almennt ánægðir með það fyrirkomulag. Þrátt fyrir skólalokun sl. vor fóru starfsmannaviðtöl fram ýmist í húsi eða í gegnum fjarfundarbúnað.

Vonandi verður hægt að framkvæma þessa þrjá þætti sem varð að sleppa síðasta ár: Árangur á grunnþáttum, skilvirkni nemenda og félagslíf nemenda á haustönninni en mjög líklega verður það með rafrænum hætti vegna ástandsins. Þá er ætlunin að skoða hvernig samstarfi við önnur skólastig og atvinnulíf er háttað. Fyrirhugað er einnig að kanna viðhorf bæði nemenda og starfsfólks til mötuneytis skólans sem gæti orðið erfitt þar sem mötuneyti nemenda er lokað og margt starfsfólk kemur með sér nesti til að forðast margmenni.

Þá mun skólinn taka þátt í rannsókninni Ungt fólk sem fyrirtækið Rannsóknir og greining stendur að. Tímasetning þeirrar rannsóknar er ekki ljós en væntanlega í síðustu mánuðum ársins. Einnig er ætlunin að kanna viðhorf foreldra á vorönn með rafrænum spurningalista.

Eins og á hverju skólaári verða stefnur og áætlanir endurskoðaðar og nýir fulltrúar settir í mismunandi teymi. Í október mun ytri úttekt fara fram í skólanum sem fyrirhuguð var síðast liðið vor. Búið var að vinna alla vinnu frá skólans hálfu en úttektaraðilar urðu að fresta úttektinni vegna samkomubannsins. Eitthvað munu gögn skólans verða endurskoðuð áður en úttekt fer fram.

Tíminn mun síðan leiða í ljós hvernig skólastarfið þróast og hverju hægt verður að sinna af þeim þáttum sem á áætlun eru eða hvort eitthvað mikilvægara muni koma upp.

Reykjavík, septemberber 2020<br>
Ingibjörg S. Helgadóttir,<br>
verkefnastjóri gæðamála.

# 4. Heimildaskrá

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2016). Sigríður Sigurðardóttir. *Leiðbeiningar um innra mat framhaldsskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Verzlunarskóli Íslands. (2019). *Skólanámskrá Verzlunarskóla Íslands 2019-2020.* Sótt af https://www.verslo.is/media/skolanamskrar/Skolanamskra-Verslunarskola-Islands-2019-2020.pdf

Verzlunarskóli Íslands. (2020). *Ársskýrsla Verzlunarskóla Íslands 2019*. Sótt af https://www.verslo.is/skolinn/skyrslur-og-aaetlanir/rafraen-skjol

Verzlunarskóli Íslands. (2019). *Ársskýrsla fjarnáms Verzlunarskóla Íslands 2018-2019.* Sótt af: https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/arsskyrslur/

# 5. Fylgiskjöl

## 5.1 Fylgiskjal I – Teymi



## 5.2 Fylgiskjal II Fastar kannanir í innra mati skólans

# Innra mat Verzlunarskóla Íslands

**Fastar kannanir sem framkvæmdar eru innan Verzlunarskólans**
